



# HANDBÓK FÉLAK

Hlutverk og hugmyndafræði

FORVARNA- OG  
FÉLAGSMÁLARÁÐGJAFAR

Rósenborg  
Skólastíg 2

## Efnisyfirlit

Hlutverk félagsmiðstöðva Akureyrar .....	2
Markmið.....	2
Menntunargildi .....	2
Afþreyingargildi .....	3
Forvarnargildi.....	3
Áherslur í starfi félagsmiðstöðva .....	3
Ábyrgð og hlutverk starfsfólks FÉLAK .....	3
Menntunar- og hæfniskröfur .....	3
Starfsreglur .....	3
Ábyrgðarsvið og helstu verkefni .....	4
Starfsþróun .....	4
Trúnaður.....	4
Upplýsingaflæði .....	4
Starfsaðferðir.....	5
TimeWise .....	5
Reglur og verkferlar .....	5
Viðburðir og ferðalög .....	5
Forvarnir .....	5
Aðgerðaráætlun .....	5
Forvarnateymi .....	6
Skólasmíðja .....	6
Samstarfsaðilar .....	6
Deildir og stofnanir.....	6
Foreldrar og forráðamenn .....	7
Vinnuskóli.....	7
Samfés og aðrar félagsmiðstöðvar.....	7
Erlent samstarf.....	7
Mat á starfsemi.....	8
Gæðaviðmið .....	8

## Hlutverk félagsmiðstöðva Akureyrar

Á Akureyri eru starfræktar fimm félagsmiðstöðvar sem allir grunnskólar sveitarfélagsins hafa aðgang að. Allt starfsfólk Félak vinnur að sameiginlegum markmiðum og þjónustaraldurshópin 10 – 16 ára. Þeir skólar sem eru staðsettir utan Akureyrar fá þjónustu í formi námskeiða, fræðslu og ráðgjafar. Hríseyjarskóli og Hlíðarskóli fá reglubundna þjónustu en Grímseyjarskóli er þjónustaður eftir aðstæðum.

Umsjónarmenn félagsmiðstöðvanna starfa sem forvarna- og félagsmálaráðgjafar hjá Akureyrarbæ og sjá því einnig um aðgerðaráætlun forvarna fyrir 0 – 25 ára samhlíða starfinu í félagsmiðstöðvunnum. Forvarna- og félagsmálaráðgjafar veita einnig nemendum vinnuskóla Akureyrar fræðslu yfir sumarið.

Börn og unglingar í bænum geta sótt þá félagsmiðstöð sem þau kjósa óháð sínum heimaskóla. Opið er fjögur kvöld í viku í mismunandi félagsmiðstöðvum fyrir unglunga og einnig eru reglulegir viðburðir um helgar. Að auki er fjölbreytt klúbbastarf fyrir alla aldurshópa sem dreifist á alla virka daga. Í öllum grunnskólum er kennd valgrein, félagsmálafræði, fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Auk þessara hefðbundnum starfa hafa umsvif Félak aukist síðustu ár og má þar meðal annars nefna Skólasmíðju og fleiri sértæk verkefni.

### Markmið

Meginmarkmið Félak er að mæta þörfum barna og unglunga á aldrinum 10 – 16 ára með öflugum frítímastarfi og sértækum verkefnum. Frítími er vettvangur frítímastarfs þar sem áhersla er lögð á að styrkja félagsþroska, samskiptafærni, efla sjálfsmynd og aukna virkni í samfélaginu. Starfsemi Félak miðast við að styrkja þessa þætti.

Sá markhópur sem starfið beinist helst að eru nemendur í 5. – 10. bekk en fyrir þann hóp er margvíslegt starf í boði. Í samráði við námsráðgjafa er sóst eftir því að ná til þeirra barna og unglunga sem ekki teljast félagslega virkir og leitast eftir að efla félagslega hæfni þeirra og þroska. Sveiganleiki í starfi er ein forsenda þess að geta brugðist við þörfum og oftast en ekki eru búnir til sértækir hópar þegar við á.

Leitast er eftir því að á hverri opnum og í hverjum klúbb séu umsjónarmenn af báðum kynjum til tryggja börnum og unglingum aðgang að sterkum kynjafyrirmyndum.

### Menntunargildi

Félak byggir starf sitt á óformlegri menntun og reynslunámi. Þar fá börn og unglingar tækifæri til fjölbreyttra og skapandi verkefna. Sú reynsla nýtist þeim síðar í ýmsum athöfnum daglegs lífs. Þátttaka í starfi Félak reynir meðal annars á samskiptahæfileika og er starfið að miklu leyti mótað af þátttakendum sem krefst ábyrgðar og frumkvæðis. Það sem gefur skipulögðu tómsundastarfi algjöra sérstöðu er að einstaklingurinn kemur inn í starfið á eigin forsendum og getur hætt þátttöku þegar honum sýnist. Starfsmenn í tómsundastarfi búa yfir verkefnum og verkfærum til að vinna með sem rannsóknir hafa sýnt að skili árangri. Þessi verkefni skila ekki tilætluðum árangri nema unnið sé rétt með þau. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að fagaðilar sjái um tómsundastarfið.

## Afþreyingargildi

Félag leitast eftir að skapa börnum og unglungum bæjarfélagsins aðstöðu til að taka næsta skref í þroska sínum í að móta það samfélag sem þau vilja lifa í. Á unglingsárum leita þau að sínum fyrirmyndum í jafningjahópinn og er það hlutverk félagsmiðstöðvanna að veita uppbyggilega aðstöðu og þroskandi starf sem styrkir þau. Mikilvægt er fyrir Félag að starfið hafi afþreyingargildi til að auka aðsókn og ánægju þeirra sem þjónustuna sækja.

## Forvarnargildi

Forvarnargildi starfsemi Félag er yfirgripsmikið og snýr að mörgum þáttum í lífi barna og unglunga. Starfið miðast við að styrkja sjálfsmynd þátttakenda sem að auðveldar þeim að taka uppbyggilegar ákvarðanir í sífellt breytilegu samfélagi. Starfsmenn leita eftir einkennum hjá einstaklingum sem þurfa á aðstoð að halda og geta það verið eins margvísleg vandamál og þau eru mörg. Sem dæmi má nefna átröskun, einelti, tölvufíkn og félagslega einangrun. Starfsmenn Félag vinna síðan náið með öðrum stofnunum og foreldrum til að tryggja hag þeirra sem þau sinna.

## Áherslur í starfi félagsmiðstöðva

Aðal áhersla og markmið Félag er að styrkja börn og unglunga félagslega með uppbyggingu sjálfsmyndar þeirra í gegnum skemmtilegt starf sem höfðar til áhugasviðs þeirra. Áhersla er lögð á að ná til þeirra sem þarfnast félagslegs stuðnings og að bjóða upp á fjölbreytt og uppbyggileg verkefni. Unnið er í klúbbum, sérþæktu hópastarfi, opnu starfi og tímabundnum verkefnum til að ná til sem flestra. Mikil áhersla er lögð á að gefa börnum og unglungum viðeigandi ábyrgðarhlutverk til að auka þroska sinn.

## Ábyrgð og hlutverk starfsfólks FÉLAK

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Starfsfólk þurfa að hafa lokið námi í Tómsunda- og félagsmálafræði eða sambærilegu háskólanámi sem nýtast í starfi.
- Starfið krefst ábyrgðar, frumkvæðis, sjálfstæðra vinnubragða og mikilla samskipta við börn og unglunga.
- Æskilegt er að starfsfólk hafi reynslu af vinnu með börnum og unglungum.
- Ákjósanlegt að starfsfólk hafi reynslu af vinnu með fjölpættum vanda barna og unglunga.
- Skilyrði er að starfsfólk hafi náð 20 ára aldri.
- Nauðsynlegt að starfsfólk hafi áhugi á og láti sig varða málefni barna og unglunga.

### Starfsreglur

Fjöldi starfsfólks á opnum húsum eru tveir, einn af hvoru kyni. Hið sama á við um allt hópastarf.

Þegar farið er með börn og unglunga í ferðir skal áætla tvennt starfsfólk fyrir 20 einstaklinga en umfram það skal vera einn fyrir hverja 20. Þegar um ferðalög á vegum Samfés er að ræða þá eru það 15 ungmenni á hvern starfsmann. Hér skal ávallt meta hvers konar hópa og verkefni er

um að ræða. Starfsfólk félagsmiðstöðvanna er fyrirmynd og ber að gæta þess hlutverks í hvívetna.

## Ábyrgðarsvið og helstu verkefni

- Vinna að forvörnum á vegum sveitarfélagsins
- Geta stutt við og haldið utan um fjölbreytt hópastarf
- Geta sinnt verkefna- og viðburðastjórnun með börnum og unglingum
- Vinna við sértækt hópastarf með einstaklingum með ýmiskonar vanda
- Þátttaka í öllu starfi Félak
- Undirbúningur og framkvæmd á forvarnafræðslu í samvinnu við aðra
- Skráning, utanumhald og þróun á hópastarfi og samvinnu aðila vegna þess

## Starfsþróun

Starfsþróun er á ábyrgð starfsfólks og yfirmanns og meðal annars sinnt með starfsmannasamtölum og þátttöku í sí- og endurmenntun.

- Vinnuveitandi sér um að starfsmenn eigi kost á faglegum stuðningi og endurmenntun með það fyrir augum að auka hæfni sína og fagmennsku.
- Starfsfólk geri sér grein fyrir því að þeir eru fyrirmyndir og leggi sig fram um það bæði í starfi og utan þess.
- Vinnuveitandi leitast við að fjölga háskólamenntuðum starfsmönnum og minnka starfsmannaveltu.
- Vinnuveitandi sér um að halda fræðsludaga að hausti fyrir starfsfólk.

## Trúnaður

Starfsfólk skal skrifa undir þagnarskyldu við upphaf ráðningar. Þagnarskylda helst eftir að ráðningu lýkur. Starfsfólk leitar eftir trúnaði barna og unglunga og skulu fara með þær upplýsingar af virðingu. Hér er þó lykilatriði að gera einstaklingum ljóst að ef upplýsingar geta varðað öryggi þess er starfsfólki skylt að tilkynna til barnaverndar skv. lögum um barnavernd.

## Upplýsingaflæði

Markviss og gagnkvæm upplýsingaöflun skal vera á milli allra þeirra sem starfa í félagsmiðstöðvum, samstarfsaðila og notenda þjónustu. Til að hafa yfirsýn yfir þessa þætti skal starfsfólk Félak

- Halda reglulega starfsmannafundi.
- Hafa starfsdaga einu sinni á önn þar sem dagskrá vetrarins er skipulögð.
- Gera dagskrá fram í tímann og hafa hana aðgengilega fyrir alla notendur þjónustu, foreldra og skóla.
- Skila vinnuáætlun til samstarfsaðila.

- Halda úti netsíðum með helstu upplýsingum um starfsemina hverju sinni.
- Tryggja að starfsemin sé auglýst í skólunum.
- Leita leiða til að vera í sem bestum tengslum við heimili og skóla m.a. með vikulegri viðveru í skólum, kynningarheimsóknum í skóla að hausti og leita eftir samstarfi við foreldrafélög hvers skóla.

## Starfsaðferðir

### TimeWise

Í sértæku hópastarfi Félak er stuðst við starfsaðferð sem heitir TimeWise. Upprunalega er TimeWise þróað sem verkefni til að hjálpa ungu fólki til að nota frístundir sínar á uppbyggilegan hátt til að koma í veg fyrir notkun vímuefna. TimeWise verkefnið hefur verið rannsakað af National Institute on Drug Abuse (NIDA). Rannsóknin sem var blanda af eigindlegum viðtölum og meginlegum spurningalistum stóð yfir í þrjú ár í níu skólum í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum þar sem fjórir skólar notuðust við TimeWise verkefnið og fimm skólar voru til samanburðar. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að þátttakendur TimeWise áttu auðveldar með að skipuleggja frítíma sinn og nýta hann á jákvæðari hátt og koma í veg fyrir leiða. Einnig áttu þátttakendur í TimeWise auðveldar með að yfirstíga hindranir gagnvart skipulögðu tómstundastarfi og gengu meira eftir eigin áhuga og létu ytri aðstæður síður hafa áhrif á sig heldur en jafnaldrar í samanburðarhópnum.

Hugmyndafræðin er að hópurnir komi auga á styrk- og veikleika sína og ræði þá og læri að þekkja þá möguleika sem nærsamfélagið hefur upp á að bjóða.

## Reglur og verkferlar

### Viðburðir og ferðalög

Ýmsar reglur og verkferlar gilda í starfi Félak og er hægt að nálgast á heimasíðu Rósenborgar.

Hvort heldur sem ferðast er utan sveitarfélagsins eða í styttri ferðum þurfa þátttakendur að koma með leyfisbréf að heiman. Gera þarf ráðstafanir um ferðaskost, mat og oftast en ekki gistingu. Leitast er eftir að ferðirnar hafi sem minnst áhrif á fjárhag heimilanna og bjóða umsjónarmenn Félak oftast en ekki uppá fjáröflun til að standa straum af kostnaði. Nánari upplýsingar um viðburði er að finna á viðburðadagatali á heimasíðu Rósenborgar.

Ef upp kemst um neyslu þátttakenda á vímuefnum skal starfsmaður tilkynna foreldrum um málið og óskað er eftir samráði við foreldra á meðan málið er til frekari skoðunar.

## Forvarnir

### Aðgerðaráætlun

Forvarna- og félagsmálaráðgjafar Félak gefa út aðgerðaáætlun forvarna til tveggja ára í senn fyrir börn og ungmenni á aldrinum 0 – 25 ára. Mest áherlsa er lögð á börn á grunnskólaaldri og er hver grunnskóli sveitafélagsins með forvarna- og félagsmálaráðgjafa sem aðstoðar starfs- og námsráðgjafa skólanna við að skipuleggja og framfylgja þeirri áætlun. Aðgerðaráætlun forvarna Akureyarbæjar má finna á heimasíðu Rósenborgar, rosenborg.is.

## Forvarnateymi

Til að hafa yfirsýn yfir það forvarnastarf sem unnið er á Akureyri í málefnum barna og unglunga hafa verið mynduð teymi sem funda reglulega til að samstillja aðkomu ólíkra stofnanna bæjarins í forvarnarmálum. Teymið eru tvö, annars vegar Stóra teymið og hins vega Litla teymið.

Stóra teymið er skipað 23 einstaklingum sem koma að málefnum barna og unglunga á einn eða annan hátt í sveitarfélaginu. Haldnir eru fundir innan teymisins einu sinni að hausti og einu sinni að vori.

Litla teymið er aðgerðamiðað og í því sitja 12 einstaklinga sem flestir sitja einnig í Stóra teyminu. Fundir hjá Litla teyminu eru reglulegir svo auðvelt sé að hafa yfirsýn yfir stöðu mála frá ólíkum sjónarhornum. Einnig geta aðrar deildir og teymi innan bæjarins vísað málum til teymisins ef þurfa þykir.

## Skólasmiðja

Skólasmiðja er úrræði sem unnið er í samvinnu með barnavernd, skóladeild, fjölskyldudeild og grunnskóla bæjarins. Úrræðið er forvarnastarf í víðum skilningi þar sem einstaklingi er mætt þar sem hann er staddur og unnið að markvissum framförum sem metin eru reglulega. Starfshópur sem skipaður er fulltrúum þessara deilda hefur umsjón með starfinu, tekur við umsóknum og fylgist með gangi mála.

Markmið Skólasmiðju er að mæta þeim nemendum sem glíma við mikinn skólaleiða, hafa litla skólasókn og hafa sótt önnur úrræði án árangurs. Skólar senda inn umsókn fyrir nemenda sem sækir þá sína skólagöngu í Rósenborg einn til þrjá daga í viku. Í stað hins hefðbundna skólaramma er frelsið í Rósenborg meira auk þess að meira næði gefst til náms og einstaklingsþjónustu.

## Samstarfsaðilar

### Deildir og stofnanir

Starfsfólk Félak leggur mikið upp úr góðum samskiptum við aðrar stofnanir og deildir Akureyrarbæjar sem koma að málefnum barna og unglunga með það fyrir augum að nýta sem best þá krafta sem í boði eru og mynda tengingar á milli stofnanna sem þurfa að eiga í samstarfi sín á milli vegna barna og unglunga í þeirra sveitarfélagi.

Samskipti við starfsfólk skólanna er mikilvægur þáttur í starfinu og funda umsjónamenn félagsmiðstöðvanna reglulega með námsráðgjöfum og/eða deildastjórum og hafa greiðan aðgang að skólastjóra. Með árunum hefur skapast mikið traust sem er grundvöllur góðra samskipta og því má áætla að samvinnan skili sér í aukinni velferð barna og unglunga.

Samvinna við fjölskyldudeild hefur á undanförunum árum aukist jafnt og þétt og er úrræðið Skólasmiðja meðal annars afrakstur þess.

Einnig er samstarf milli Félak og framhaldsskóla um forvarnafræðslur auk valgreinar innan framhaldsskólanna sem er mentor verkefnið Dúddi.

## Foreldrar og forráðamenn

Til að foreldrar og forráðamenn séu öruggir um velferð barna sinna þarf að ríkja traust á milli þeirra og annarra sem að velferð barna þeirra koma. Félag leitast við að eiga góð samskipti við foreldra og forráðamenn í hvívetna.

Félagsmiðstöðvarnar senda reglulega út fréttabréf þar sem fjallað er um viðburði sem hafa verið eða eru framundan. Með fréttabréfinu fylgir dagskrá bæði fyrir miðstig og efstastig grunnskólanna. Auk þess er að finna upplýsingar um starfsemi félagsmiðstöðvanna og starfsfólk þeirra á vefsíðum hvers skóla. Einnig er öðrum upplýsingum komið á framfæri í gegnum Mentor kerfið þar sem foreldrar fá meðal annars upplýsingar um forvarnafræðslur sem nemendur fá sem og þá fræðslu sem þeim sjálfum stendur til boða. Auk þess hafa allar félagsmiðstöðvarnar síðu á Facebook þar sem foreldrum er velkomið að fylgjast með.

Áður en haldið er af stað á stærri viðburði á vegum Félag eru haldnir foreldrafundir þar sem foreldrar eru upplýstir um dagskrá viðburðarins.

Ýmis vinna á vegum Félag, s.s. hópavinna og klúbbar krefjast meiri samvinnu við foreldrana en önnur og þá fer hún fram í gegnum síma, með fundum eða reglulegum tölvupóst samskiptum.

## Vinnuskóli

Á sumrin breytist starfsemi Félag í kjölfar skólaslita og miðast starfið við breyttar aðstæður barna og unglunga. Ber þar helst að nefna samtarf við vinnuskóla Akureyrarbæjar um fræðslur og verkhöpa innan Rósenborgar.

Félag býður einnig upp á sumarklúbb fyrir börn á miðstigi grunnskólanna á sumrin.

Starfsfólk Félag hefur einnig umsjón með atvinnuátaksverkefni fyrir 17 – 25 ára ungmenni í samvinnu við vinnuálastofnun. Umsækjendum er fundin vinna innan stofnana og félagasamtaka hjá bænum.

## Samfés og aðrar félagsmiðstöðvar

Félagsmiðstöðvarnar á Akureyri eru aðilar að Samfés, Samtökum félagsmiðstöðva á Íslandi og taka virkan þátt í starfsemi samtakanna.

Markmið Samfés er meðal annars að auka samskipti og samvinnu félagsmiðstöðva og efna til verkefna á innlendum og erlendum vettvangi. Samfés er vettvangur til að koma á framfæri upplýsingum um starf félagsmiðstöðva og undirstrika vægi þeirra í nútíma samfélagi og ekki síst að hafa áhrif á umræðu, hugmyndir og löggjöf um æskulýðsmál á Íslandi. Samfés leggur að sama skapi áherslu á að stuðla að eflingu fagmenntunar starfsfólks á frístundasviði með ráðstefnum og námskeiðum.

## Erlent samstarf

Félag tekur þátt í erlendu samstarfi sem er mikilvægt fyrir starfsfólk en ekki síður fyrir unglunga sem fá tækifæri til að kynnast jafnöldrum erlendis og víkka sjónvildarhringinn. Að jafnaði tekur Félag virkan þátt í 3-4 verkefnum á ári í Evrópu



## Mat á starfsemi

Markmið með mati er að bæta starf félagsmiðstöðvanna og gera það markvissara og sýnilegra. Um er að ræða kerfisbundna upplýsingaöflun. Megintilgangur er að stuðla að umbótum.

Það sem á að meta:

- Þátttaka í starfsemi félagsmiðstöðva – fjöldaskráning.
- Mat á fræðslu fyrir starfsfólk – einstaklingsmat.
- Fjölbreytni í framboði á afþreyingu – dagbókarskýrslur.
- Viðhorf ungmenna til starfseminnar – viðhorfskönnun.
- Viðhorf foreldra til starfseminnar – unnið í gegnum foreldrafélög og kannanir.
- Meta framboð á fræðslu til ungmenna – dagbókarskýrslur.
- Árangursmat vegna valgreina og sértækra klúbba – kannanir og samtöl.

## Gæðaviðmið

Til þess að tryggja að þeim markmiðum sé náð sem þessi handbók útlitir er gerð rík krafa til starfsfólks um skipulagningu og undirbúning á starfinu. Eftirfarandi eru áherslur sem lagðar eru til grundvallar til að tryggja gæði starfsins.

- Að starfsfólk þekki starfslýsingu sína.
- Að starfsfólk hafi vinnuástöðu og tíma til að undirbúa starf sitt.
- Að haldnir séu starfsmannafundir vikulega og starfsendurmenntun reglubundin.
- Að áhersla sé lögð á gott samstarf innan deildar og við samstarfsaðila.
- Að starfsfólk þekki forvarnastefnu og aðgerðaráætlun sveitarfélagsins.
- Að starfsáætlanir og forvarnaáætlanir séu birtar opinberlega á heimasíðu Rósenborgar.
- Að unnið sé eftir áætlunum gegn einelti og ofbeldi.
- Að starfsfólk fái reglubundið fræðslu sem nýtist í starfi.
- Að unnið sé samkvæmt jafnréttis- og mannréttindastefnu Akureyrarbæjar.
- Að starfsfólk þekki sína ábyrgð og vinni samkvæmt verklagi barnaverndarlaga.
- Að leitað sé eftir ráðum barna, foreldra og samstarfsaðila um þróun og framkvæmd starfsins.
- Að unnið sé markvisst að því að gæta jafnræðis í tækifærum til þátttöku með því að hafa starfsemina kostnaðarlausu eða bjóða upp á fjáraflanir í þeim undantekningar tilvikum sem kostnaður fellur til.
- Að unnið sé að starfsþróunarverkefnum og starfsemin endurmetin reglulega.
- Að í starfi Félak sé lögð áhersla á að efla sjálfsmynd, umhyggju, félagsþroska, félagsfærni og gildi þátttöku og virkni.
- Að börn og unglingar fá tækifæri til að taka ábyrgð á framkvæmd verkefna í samræmi við þroska.
- Að unnið sé með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í starfi Félak.